

**6. fundur Öldungaráðs**  
**haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 5. apríl 2017 og hófst hann kl. 15:00.**

**Fundinn sátu:**

Björn Helgason formaður, Grétar Þórðarson varaformaður, Guðný Sigríður Þórðardóttir aðalmaður, Gunnlaugur Gunnlaugsson aðalmaður, Halla Sigurðardóttir aðalmaður, Guðmundur Hagalínsson aðalmaður, Auður Helga Ólafsdóttir aðalmaður, Magnús Reynir Guðmundsson aðalmaður og Ólafía Sigríður Sigurjónsdóttir aðalmaður.

**Embættismenn:**

Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

**Fundargerð ritaði:** Margrét Geirsdóttir, Sviðsstjóri.

**Dagskrá:**

**1. Öldungaráð - ýmis mál - 2016120017**

Rætt um húsnæðismál.

*Öldungaráð Ísafjarðarbæjar lýsir yfir áhyggjum af þróun húsnæðismála á Hlíf. Skortur er á húsnæði fyrir eldri borgara í sveitarfélaginu og því telur öldungaráð bagalegt að íbúðir, sem sérstaklega eru byggðar sem úrræði fyrir eldri borgara, séu nýttar fyrir aðra. Öldungaráð leggur til við húsfélög Hlífar I og II að kannað verði hvort unnt sé að tryggja að íbúðir sem losna verði annað hvort settar á sölu eða á leigumarkað við fyrsta tækifæri.*

**2. Öldungaráð - ýmis mál - 2016120017**

Rætt um íþrótt- og tómstundamál.

*Öldungaráð Ísafjarðarbæjar hvetur bæjarstjórn til þess að tryggja eldri borgurum aukna þjónustu t.d. með sérstökum fulltrúa sem sinni íþrótt- og tómstundamálum eldri borgara í Ísafjarðarbæ. Öldungaráð bendir á að tómstundafulltrúi Ísafjarðarbæjar sinni ungu fólki sérstaklega en þarfir eldri borgara séu jafn brýnar fyrir slíka þjónustu. Eldri borgurum fjölgar hratt og raunhæft að gera ráð fyrir að því fylgi aukin þjónusta og utanumhald til þess að tryggja að lýðheilsusjónarmið nái til allra íbúa Ísafjarðarbæjar.*

**3. Öldungaráð - ýmis mál - 2016120017**

Rætt um kostnað við að sækja námskeið sem ætluð eru eldri borgurum.

*Í ljósi fundar sem fulltrúar frá öldungaráði áttu með fulltrúum frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða leggur Öldungaráð til við bæjarstjórn að gert verði ráð fyrir framlagi vegna fræðslumála við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2018.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:00**

---

Björn Helgason

---

Grétar Þórðarson

---

Guðný Sigríður Þórðardóttir

---

Gunnlaugur Gunnlaugsson

---

Halla Sigurðardóttir

---

Guðmundur Hagalínsson

---

Auður Helga Ólafsdóttir

---

Magnús Reynir Guðmundsson

---

Ólafía Sigríður Sigurjónsdóttir

---

Margrét Geirsdóttir